

S K Ý R S L A

starfshóps um framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Árna Helgasyni, Bryndísi Möllu Elídóttur, Jónínu Rós Guðmundsdóttur og

Sigurði Grétari Sigurðssyni.

Frsm. Árni Helgason.

Á kirkjuþingi hinn 25. október 2022 var skipaður starfshópur til að koma með tillögum að framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar. Starfshópnum var ætlað að vinna þarfagreiningu fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvar og í framhaldi af þeirri vinnu koma með tillögu að framtíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn skyldi skila tillögum á vorþingi 2022-2023.

Hópurinn fundaði með framkvæmdastjóra rekstrarstofu reglulega frá skipun og fram í september 2023 á alls 19 fundum. Bjarni Snæbjörn Jónsson ráðgjafi tók þátt í undirbúningi að þarfagreiningu og fundum með starfsfólki á tveimur fundum. Auk þess voru fjórir fundir haldnir með starfsfólki þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar, einn með starfsfólki rekstrarstofu og tveir fundir samtímis með starfsfólki biskupsstofu og í júní 2023 með hluta starfsfólks biskupsstofu til að ræða það húsnæði sem nefndin hafði skoðað og féll að mestu innan þarfagreiningar. Að ósk formanns stjórnar Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfu var haldinn fundur með formanni og framkvæmdastjóra hinn 22. febrúar 2023. Kom fram ósk, með ítarlegum rökum, um að tekið yrði tillit til þess að sú starfsemi myndi rýmast innan framtíðarhúsnæðis þjónustumiðstöðvar. Starfshópurinn útilokar ekki að slíkt geti orðið en vandséð er þó að það sé nauðsynlegt skilyrði sem framtíðarhúsnæði þyrfti að uppfylla.

Í framhaldi af vinnu með ráðgjafa og fundum með starfsfólki var unnin þarfagreining sem starfshópurinn samþykkti að nota skyldi sem grundvöll að vali á húsnæði. Sú þarfagreining var að hluta unnin með tilliti til krafna um aðbúnað starfsfólks á vinnustöðum auk þess sem niðurstöður funda með starfsfólki voru hafðar til hliðsjónar við þarfagreininguna. Þarfagreiningin sem starfshópurinn samþykkti er svofelld:

Þarfagreining vegna þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar

1. Forsendur:

- a. Ekki eru forsendur að mati starfshópsins til að miða stærð rýmis og fjölda starfsmanna við annað en það sem fyrir liggur við gerð þessara tillagna
- b. Rými fyrir 25 starfsmenn
- c. Stærð rýmis sé um 550 fm.
- d. Húsnæðið sé á einni hæð

- e. Aðgengismál skv. reglugerð m.t.t. hreyfihamlaðra
 - f. Bílastæði fyrir hendi vegna gesta og fyrir starfsfólk
 - g. Sé á höfuðborgarsvæðinu
 - i. Staðsetning taki mið af ásýnd kirkjunnar
 - ii. Staðsetning ræðst af hentugleika húsnæðis
 - iii. Nálægð við kirkju er kostur en ekki skilyrði
 - h. Taka þarf tillit til umferðar og aðkomu vegna:
 - i. Gangandi (almenningssamgöngur)
 - ii. Hjólandi
 - iii. Akandi
 - iv. Hreyfihamlaðra
 - v. Möguleiki á hleðslu rafbíla væri kostur
2. Um rýmið
- a. Opin rými fyrir um 20 starfsmenn
 - b. Lokuð rými fyrir um 5 starfsmenn
 - c. Rýmið sé bjart, vel loftræst, hljóðvist góð og stöðugt hitastig
 - i. Æskilegt að starfsmenn komist út á svalir eða stétt með lítilli fyrirhöfn
 - ii. Sturtuaðstaða væri kostur
 - d. Starfsmenn hafi aðgang að lokuðum skápum
3. Fundastofur
- a. Nauðsyn er á a.m.k. 2 eða jafnvel 3 fundastofum
 - b. Er kostur að hafa þær allar sem næst inngangi til að trufla starfsmenn sem minnst þegar fundað er
 - i. Fundastofa 1 rúmi allt að 20 fundarmenn
 - ii. Fundastofa 2 rúmi allt að 10 fundarmenn
 - iii. Fundastofa 3 rúmi allt að 5 fundarmenn
 - c. Næðisrými séu aðgengileg starfsfólki í opnum rýmum
 - d. Ekki er gert ráð fyrir fundaaðstöðu kirkjuþings
4. Salerni og eldhúsaðstaða
- a. Eldhúsaðstaða sé rúmgóð og henti til samveru
 - b. Salerni séu skv. reglugerðum og á sömu hæð og skrifstofur
5. Stærðarviðmið
- a. Gert er ráð fyrir 22 fm. á hvern starfsmann brúttó
 - i. Skrifstofurými og skyld rými séu um 60% af heildarbrúttórými
 - ii. Þjónusturými séu um 40% af heildarbrúttórými

Eins og fram kemur í þarfagreiningu ákvað hópurinn að miða vinnu sína við að ekki skyldi gert ráð fyrir að hægt væri að halda kirkjuþing í framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar þar sem talið var að það yrði of dýrt til að réttlæta það. Gera má ráð fyrir að rými kirkjuþings þyrfti að vera um 150 til 200 fm. hið minnsta til að rýma þingfulltrúa og starfsmenn í viðunandi umhverfi. Áætlaður kostnaður við það væri um 5-8 milljónir á ári miðað við algengt leiguverð skrifstofuhúsnæðis og því vart réttlætanlegt þar eð í kirkjum á

höfuðborgarsvæðinu eru salir sem uppfylla að mestu leyti kröfur um fundi kirkjuþings og mun ódýrara að leigja aðstöðu í hvert skipti.

Í framhaldi af fundum með starfsfólki og vinnu við þarfagreiningu var ákveðið að búa til lista af húsnæði í eða við kirkjur í samræmi við áherslur starfsfólks þar um. Arnór Skúlason, starfsmaður Þjónustumiðstöðvar var fenginn til að vera með hópnum í skoðunarferð og fundi í framhaldi af skoðun vegna sérþekkingar hans á málefnum.

Starfshópurinn taldi að til greina kæmu eftirtaldir kostir á höfuðborgarsvæðinu (í þeirri röð sem þeir voru heimsóttir):

1. Grafarvogskirkja
2. Háteigskirkja
3. Áskirkja
4. Neskirkja
5. Grensáskirkja

Starfshópurinn, ásamt framkvæmdastjóra rekstrarstofu og Arnóri Skúlasyni, heimsótti hinn 22.2.2023 allar þessar kirkjur og tóku prestar eða fulltrúar safnaðanna á móti hópnum og sýndu aðstöðuna. Niðurstaða starfshópsins að þeirri skoðun lokinni er að einungis einn af þessum kostum gæti komið til greina sem framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar en það er Grensáskirkja. Ljóst er að gera þarf kostnaðarsamar breytingar á húsnæðinu til að það henti starfseminni. Kostnaðaráætlun var unnin af Verkís og tekur mið af því að ekki liggur fyrir hönnun á húsnæðinu og því ekki um að ræða nákvæma áætlun. Kostnaðaráætlunin sem kynnt var starfshópnum hljóðar upp á rúmar 150.000.000 kr. við endurbætur á núverandi húsnæði. Einnig liggur fyrir áætlaður kostnaður við niðurrif og nýbyggingu upp á rúmar 350.000.000 kr.

Starfshópurinn skoðaði jafnframt húsnæði sem féll að miklu leyti að þarfagreiningu hópsins á tveimur stöðum miðsvæðis í borginni og nýtt húsnæði var kannað án þess að nefndin skoðaði það í einu af sveitarfélögum í nágrenni borgarinnar. Annað húsnæðið, sem skoðað var féll að öllu leyti að þarfagreiningunni en hitt var heldur minna en þarfagreining sagði til um og spurningar vöknudu um lið 1.g.i. um ásýnd kirkjunnar og telur hópurinn að það húsnæði uppfylli ekki það skilyrði. Þriðja húsnæðið var ekki skoðað en svo virðist sem það gæti hentað starfseminni og miðað við þær upplýsingar sem fengjust væri það talsvert ódýrara en hin tvö sem skoðuð voru. Það húsnæði var utan dýrustu svæða höfuðborgarsvæðisins. Kostnaðurinn við hvort tveggja þess húsnæðis sem skoðað var virðist umtalsvert hærri en núverandi leigugreiðslur og beinir starfshópurinn því til þeirra sem taka við málinu að skoða vel kosti utan miðborgar Reykjavíkur og jafnframt að stærð húsnæðisins.

Starfshópurinn leggur til að framkvæmdanefnd verði falið að sjá um að velja nýtt húsnæði sem rúmi bæði biskupsstofu og rekstrarstofu í samráði við starfsfólk Þjónustumiðstöðvar og falli að þeirri þarfagreiningu sem hér er lögð fyrir. Því verði lokið sem fyrst og miðað við að flutt sé inn í nýtt húsnæði eigi síðar en í júní 2024.

Starfshópurinn leggur til að ekki verði ráðist í framkvæmdir við húsnæðið við Grensáskirkju þar sem kostnaðurinn við það yrði hár og óvíst að húsnæðið hentaði

starfseminni og auk þess minnkaði það sveigjanleika varðandi kostnað og starfsmannafjölda en sýnt þykir að fjöldi starfsmanna kunni að breytast á næstu árum og því sé haganlegra að vera í leiguhúsnæði með meiri sveigjanleika en í sérstaklega keyptu og innréttuðu húsnæði fyrir starfsemina.

Starfshópurinn leggur ríka áherslu á að við val á nýju húsnæði sé þarfagreiningunni fylgt út í æsar sérstaklega þegar kemur að ásýnd kirkjunnar. Leitað verði að húsnæði utan dýrasta svæðisins sem er nálægt miðborg Reykjavíkur og allt umhverfi og umgjörð nýja húsnæðis þjónustumiðstöðvar falli að hógværrri ásýnd kirkjunnar. Húsnæðið þarf að henta starfseminni og hlúa vel að starfsfólki þjónustumiðstöðvarinnar og vera aðgengilegt þeim sem þangað leita.